

**2. fundur**  
**Þróunarsamvinnunefndar á árinu 2019**  
**haldinn í utanríkisráðuneytinu föstudaginn 15. febrúar kl. 11:00**

*Fundargerð*

**Mætt:**

Valgerður Sverrisdóttir – formaður  
Steinunn Þóra Árnadóttir – Vinstrihreyfingin - grænt framboð  
Inga Sæland – Flokki fólksins  
Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir – Sjálfstæðisflokkurinn  
Ragnar Schram – SOS Barnaþorp  
Ragnar Gunnarsson – Kristniboðssambandið  
Bjarni Gíslason – Hjálparstarf kirkjunnar  
Maríanna Traustadóttir – Alþýðusamband Íslands  
Ólafur Garðar Halldórsson – Samtök atvinnulífsins  
Geir Gunnlaugsson – Háskóli Íslands  
Atli Viðar Thorstensen – Rauði Kross Íslands  
Erna Reynisdóttir – Barnaheill  
Anna Elísabet Ólafsdóttir – Háskólinn á Bifröst/Kópavogsbær

Fundinn sátu að auki fulltrúar utanríkisráðuneytisins: Þórdís Sigurðardóttir (deildarstjóri), Ragnheiður Kolsöe (sérfræðingur) og María Erla Marelsdóttir (skrifstofustjóri).

Fulltrúi Pírata, Sara Elísa Þórsdóttir (Píratar) og Silja Dögg Gunnarsdóttir (Framsóknarflokkur) tilkynntu forföll. Birgir Þórarinsson (Miðflokkur), Logi Einarsson (Samfylking), Þorsteinn Víglundsson (Viðreisn) voru fjarverandi.

Nefndarritari:

Kristjana Sigurbjörnsdóttir

## **18. fundur þróunarsamvinnunefndar**

### **1. Fundur settur**

Athugasemd var gerð við fundargerð síðasta fundar (frá 18. janúar). Formaður tók vel í þær athugasemdir. *Ákveðið var* að fundargerð yrði send með breytingum sem fylgiskjal fyrir næsta fund.

### **2. Lokaumfjöllun nefndar um álit á jafningjarýni þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC)**

Formaður las upp þá tvo punkta sem ekki höfðu verið með í fyrstu drögum að álit nefndar en var aftur bætt inn vegna athugasemda frá nefndarfulltrúum á síðasta fundi.

Athugasemd barst frá nefndarfulltrúa um að breyta orðalagi sem var samþykkt. *Ákveðið var* að bæta við orðinu „aukna“ við eftirfarandi setningu: „Nefndin telur ástæðu til að ræða *aukna* aðkomu frjálsra félagasamtaka í þróunarsamvinnu...“

*Ákveðið var* að setja aftur inn í skjalið tilvísanir fyrir aftan hvern punkt sem nefnd vill koma á framfæri og vísar í tilmæli og skýrslu DAC. Með ofangreindum breytingum telst álit þróunarsamvinnunefndar á jafningjarýniskýrslu þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) á þróunarsamvinnu Íslands samþykkt. Lokaútgáfa verður send með næsta fundarboði og undirrituð af formanni nefndar og sent til utanríkisráðherra í gegnum skrifstofustjóra þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

### 3. Kynning á neyðar- og mannúðaraðstoð

Kynning Þórdísar Sigurðardóttur, deildarstjóra mannúðar- og neyðaraðstoðar í utanríkisráðuneytinu, er aðgengileg nefnd sem fylgiskjal í fundarboði næsta fundar og ennfremur á svæði þróunarsamvinnunefndar á innri vef utanríkisráðuneytisins.

Nefndarfulltrúa fannst kynning gefa greinagott yfirlit þar sem erfitt væri oft að átta sig á því hvaða stofnanir Sameinuðu þjóðanna standa mest í mannúðar- og neyðarstarfi. Þrátt fyrir alla þessa aðila þá er talið að 60% af þörf fyrir mannúðaraðstoð sé almennt mætt. Viðkomandi nefndarfulltrúi gerði úttekt á mannúðaraðstoð árið 2017 þar sem niðurstöður gáfu til kynna að sum átök eru í tísku og fá mesta athygli á meðan ríki sem búa við langvarandi krísur fá lítið sem ekkert fé. Til að mynda er Haíti enn illa haldið þrátt fyrir að stærsta neyðin sé búin.

Annar nefndarfulltrúi benti á að umfang neyðar- og mannúðaraðstoðar er mjög mikið á heimsvísu og í því ljósi þá verður Ísland að ná að forgangsraða, *styrkja færri stofnanir með meiri framlögum og er þá réttlætanlegt að vera bæta við stofnunum og bæta umfangið?* Sérfræðingur utanríkisráðuneytisins benti á að slíkt væri rétt að benda á, en einungis tvær nýjar stofnanir í raun og það eru Mannréttindastofnun SP í Beirút og Mannfjöldasjóður SP (UNFPA), hvort tveggja stofnanir sem Ísland á margt sameiginlegt með og þær verða eflaust kjarnastofnanir í framtíðinni en á sama tíma erum við að reyna takmarka okkur. Nefndarfulltrúi benti á misrétti á stríðshrjádum svæðum þar sem hjálpin berst þeim sem hafa valdið, er stoppuð af áður en hún kemst til þeirra sem þurfa á henni að halda. Sérfræðingur UTN svaraði því að nú gildi samkomulag á alþjóðavettvangi í gegnum heimsmarkmiðin um að skilja engan eftir og viðmiðið er til þeirra sem eru valdaminnstir og fátækastir. Megum aldrei gefa afslátt á því.

Skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskristofu UTN benti á að SP stofnanir geti brugðist við gleymdu ófriðarsvæðunum með kjarnaframlagi, óeyrnamerktu framlagi, og því sé mikilvægt að veita það. Mjög mikið sent til Jemen og Sýrlands núna. Kjörorð heimsmarkmiðanna eiga við um þessa gleymdu hópa. Leið okkar til að vinna t.d. í Palestínu er í gegnum UNWRA; allt sem fer þangað er enn skilgreint sem mannúðaraðstoð þrátt fyrir að vera langvarandi ástand. Varðandi nýju þróunarsamvinnustefnuna og áherslustofnanir, þá endurspeglar stefnan ekki bara framlög til stofnanna heldur rammur líka inn málsvarastarf og rödd Íslands á alþjóðavettvangi þegar kemur að þróunarsamvinnu. Stór hluti vinnunnar er að sinna málsvarastarfi og það á líka við um tvíhliða þróunarsamvinnu eins og alþjóðastofnanir.

### 4. Önnur mál

Starfsáætlun nefndar: Drög að dagskrá gerð til að auðvelda yfirsýn yfir störf nefndar á árinu, og er ekki fastmótuð. Athugasemdir og ábendingar um dagskrá funda vel þegnar. Vonandi verður hins vegar hægt að halda sig við dagsetningar sem þar eru settar fram. Föstudagar voru sérstaklega valdir sem fundardagar til að þingfulltrúar gætu mætt. Tímasetningar er ekki hægt að festa alveg í sessi en líklega verða fundir haldnir kl. 11-12:30.

Næsti fundur: *Næsti fundur nefndar verður haldinn föstudaginn 29. mars nk. frá kl. 13:00-15:00.* Það er jafnframt fyrsti fundur á árinu með utanríkisráðherra. Á undan fundi, frá klukkan 12:30, verður boðið upp á sýningu heimildamyndar um tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands í Malaví. Hádegisverður í boði á meðan á sýningu heimildarmyndar stendur.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 12:34